

Námsáætlun fyrir íslensku - 10. bekkur  
skólaárið 2018 – 2019



**Kennari:** Auður Vilhelmsdóttir  
**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• flutt mál sitt skýrt og áheyrilega,</li> <li>• tekið virkan þátt í samvinnu og samræðum, tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær,</li> <li>• notað upplýsingar úr ýmsum miðlum sér til fróðleiks og skemmtunar,</li> <li>• átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.</li> </ul>	<p>Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín.</p> <p>Nemendur fá þjálfun í hlustun og einnig er horft á kvikmyndir tengdar bókmenntum sem lesnar verða.</p> <p>Nemendur lesa reglulega upphátt fyrir kennara.</p>	<p>Þátttaka í umræðum og tímavinnu.</p> <p>Stuttar ræður.</p>
<b>Lestur og bókmenntir</b>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, sér til gagns og gamans,</li> <li>• greint og skilið aðal- og aukaatriði í margs konar texta og tengsl efnisatriða; og beitt mismunandi aðferðum við lestur,</li> <li>• lesið, túlkað, metið og fjallað um bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,</li> </ul>	<p>Lesin verður fornsaga og nútímaskáldsaga auk smásagna, ljóða og annarra fjölbreyttra texta.</p> <p>Unnið verður með bókmenntahugtök og stílbrögð.</p> <p>Lesskilningur efldur með markvissum æfingum.</p>	<p>Verkefni, kannanir og ritgerðir úr bókmenntum.</p> <p>Lesskilningskannanir.</p> <p>Lesfimiþróf.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt og skilið nokkur grunnhugtök í bókmenntafræði.</li> </ul>		
<b>Ritun</b>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað skýrt og greinilega, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta</li> <li>• beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar,</li> <li>• tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli,</li> <li>• beitt reglum um réttiritun</li> <li>• valið og skrifað mismunandi textagerðir, notað helstu aðgerðir við ritvinnslu.</li> </ul>	<p>Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær. Ritunaræfingar af ýmsum toga.</p>	<p>Ritunarverkefni. Stafsetningarkannanir. Tímaritgerð.</p>
<b>Málfræði</b>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt helstu málfræðihugtökum,</li> <li>• valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun,</li> <li>• flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna,</li> </ul>	<p>Áhersla verður lögð á einkenni og hlutverk orðflokka, setningafræði og málnotkun.</p>	<p>Verkefni og málfræðikannanir.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka.</li> <li>• notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt,</li> <li>• gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni.</li> <li>• áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál og sífelldan breytileika þeirra.</li> </ul>		
<p><b>Námsgögn:</b> Gísla saga Súrssonar, Englar alheimsins eða Mýrin, Smásagnasmáræði, Finnur III, ljóðaverkefni, ritunarverkefni og stafsetningarverkefni, orðabækur og handbækur.</p>			
<p><b>Lokanámsmat:</b> Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.</p>			